

AUGLÝSING**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 15. febrúar til 31. maí 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 15. febrúar til 31. maí 1978:

Fiskmjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1.00 = 253.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. mars 1978.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

Nr. 115.

28. febrúar 1978.

AUGLÝSING**um skipulag í Sandvíkurhreppi í Árnassýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Sandvíkurhrepps í Árnassýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.